



SAMSTARFSVERKEFNI

LÆSI TIL FRAMTÍÐAR

SNEMMBÆR STUÐNINGUR
LÆSI TIL FRAMTÍÐAR

Innleiðingarferli og verkáætlun Menntamálastofnunnar

Með innleiðingunni er lögð áhersla á að auka þekkingu og hæfni alls starfsfólks leikskólanna með það fyrir augum að öll börn fái íhlutun og áskoranir við hæfi í leik og starfi.

Verkefnið er unnið samkvæmt verkáætlun með það fyrir augum að virkja allt lærdómssamfélagið um verkefnið en yfirlit um aðrar afurðir verkefnisins er m.a.

- Innleiðing, verkferill og þjálfun á tengiliðum í hverjum skóla og sveitarfélagi.
- Fyrirlestrar, handbókarrámmi og efni tengt honum á vef sem er lokaafurð hvers leikskóla.
- Efni tengt snemmtækri íhlutun í hnotskurn, flokkunarrámmi námsefnis, uppbygging málörvunarstunda, yfirlit aldurstengdrar getu í málþroska barna og annað efni tengt verkefninu.
- Fyrirlestrarefni.
- Myndbönd og upptökur sem styðja og útvíkka verkefnið.

Sá lærdómur sem má hafa af þessu verkefni er að það þarf mun meiri kraft í að styðja við leikskóla með starfsþróun alls starfsfólks innan leikskólana með áframhaldandi vinnu í anda snemmtækrar íhlutunar sem og lærdómssamfélagsins í heild.

Markmiðið er að hámarka árangur allra barna hvað varðar málþroska og læsi því þannig má auka líkur á góðu námsgengi síðar meir og koma í veg fyrir lestrarerfiðleika við byrjun lestrar-náms einnig að hvert barn fái íhlutun, kennslu við hæfi og að kennsla í grunnskólum byggji á niðurstöðum og áherslum frá leikskólum. Þannig yrði stuðlað að aukinni samfelli milli skóla-stiga.

Fasi 1

Samstarfsgrundvelli komið á:

- Með sveitafélagi og leikskólum.
- Fara yfir verkáætlun er varðar innleiðingu á verkefninu.
- Lykilstarfsmenn frá skólaþjónustu og hverjum leikskóla valdir.
- Fjarfundur með lykilstarfsmönnum og Menntamálastofnun.
Fjarfundur með tengiliðum og starfsfólki.
- Kynnum verkefnið og förum yfir verkáætlun.
- Erindi um:
 - Forsendur skólaþróunar – starfsþróunar innan leikskólans
 - Læsi í leikskóla
 - Snemmtæka íhlutun – fræðileg umfjöllun (grein og glærur frá ABS)
 - Hlutverk foreldra
- Leggjum fram verkefni sem þarf að vinna í 1. fasa s.s.
 - Ramma inn verkferla og huga að áætlun um sérstöðu leikskólans og þá vinnu sem verið er að vinna
 - Kynna sér handbókarramma
 - Styrkleikar og veikleikar hvers leikskóla
 - Foreldrafundir í hverjum leikskóla


Starfsfólk vinnur verkefnin í fasa 1 áður en byrjað er á fasa 2.

Tengiliðir/ lykilaðilar senda okkur gögn s.s. styrk- og veikleika, niðurstöður HLJÓM-2 o.fl.

Fasi 2

- Fjarfundur með tengiliðum þar sem farið er yfir stöðuna og farið yfir:
 - Flokkun málörvunarefnis
 - Málörvunarstundir – uppbygging
 - Sjálfstjórn – grein
 - Myndbönd
 - Rýni í málörvunarstundir
 - Fjarfundur með tengiliðum um stöðuna á flokkun og handbók.

Fjarfundur með tengiliðum um stöðuna á flokkun og handbók.



Fasi 3

Starfsfólk vinnur verkefnin í fasa 1 og 2 áður en farið er í fasa 3 sem er lokaskrefið í innleiðingarferlinu.

Farið er yfir stöðuna:

Handbækur

Áætlanir

Eftirfylgni og næstu skref?